

Mítt 23/1 '62

Skógarvörðurinn á Vöglum,  
-----

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1961.  
-----

Ísleifur Sumarliðason.  
-----

# Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1961.

---

## I. I n n g a n g u r.

---

### 1. Veðurfar.

Í janúar var ríkjandi suðvestlæg eða suðaustlæg átt. Snjódýpt mældist 15 - 55 cm. Mesta frost mældist -19.0 stig.

Í febrúar var snjólétt og frostalítið, breytileg átt.

Marz var einnig mjög snjókéttur, mesta snjódýpt mældist 35 cm. Breytileg átt.

Í byrjun apríl gerði hrífarkafla og tepptust þá vegir um tíma. Síðustu viku apríl og fyrstu viku maí var nokkuð stöðug austlæg eða norðaustlæg átt. Var þeka eða súld flesta daga og hiti 3 - 10 stig, oftast. Þjóðvegir í Þangeyjar- og Eyjafjarðarsýslum spiltust þá mjög og máttu heita éfarir um tíma.

Kalt var í júní og mældist frost fimm sinnum í mánuðinum.

Í júlí var mjög rigningasamt og gekk mönnum mjög erfiðlega með heyskap, enda byrjaði nú heyskapur með seinna móti.

Lítið eitt minni úrkoma mældist í ágúst, en erfiðlega gekk með heyskap eins og í júlí. Hægviðri var og sólarlítið. Breytileg átt.

Úrkoma var afar mikil í september, svo að hún var aðeins meiri í nóvember og desember. Breytileg átt. Frost mældist fimm sinnum í mánuðinum, mest 27. september -3.3 stig.

Í október var einnig mikil úrkoma, átt breytileg. Mesta frost mældist -7.2 stig.

Nóvember var mestú úrkomumánuður ársins og reyndar sá mesti síðan mælingar hófust hér 1958. Dálítið snjóaði í byrjun mánaðarins, en sá snjór var þó horfinn 12. þ. m. Breytileg átt og hægviðri var fram að þeim tíma. 12.- 21. nóvember var súðlæg átt og oft hvasst, en 22. nóvember fór að snjóa og hélzt svo út mánuðinn. Mesta snjódýpt mældist 80 cm. 26. þ. m.

Í desember snjóaði talsvert fram til 10. þ. m. en úr því tók snjórinn að síga og var komian niður í 36 cm. 22. þ. m. Mesta snjódýpt mældist 6. desember 90 cm. Mesta frost mældist -18.3 stig 25. desember. Breytileg átt.

Frost mældist 28. júní -0.6 stig, ennþá 28. júlí -0.8 stig og 25. ágúst -1.3 stig. Fyrsta frost í september var 6. þ. m. -2.5 stig. Mesta frost mældist -19.9 stig 30. marz. Enginn mánuður ársins frostlaus.

Hámarksnelir brotnaði í maí og fékkst ekki fyrr en komið var langt fram á sumar. Er því ekki hægt að segja frá hámarks-hita sumarsins.

Úrkomumælingar við gróðrarstöðina í Vaglaskógi 1961.

-----

<u>Mánuður</u>	<u>Úrkoma.</u>
Janúar	35.1 mm.
Febrúar	39.1 -
Marz	74.4 -
Apríl	<b>88.5</b> -
Mai	29.7 -
Júní	59.6 -
Júlí	77.5 -
Ágúst	63.8 -
September	119.5 -
Október	100.0 -
Nóvember	147.5 -
Desember	<u>121.8 -</u>

Alls 956.5 mm.

Athyglisverð er hin geysilega úrkoma á árinu, miklu meiri en hér hefir mælst áður. Má til samanburðar geta þess að árið 1960 var úrkoman aðeins 498.6 mm.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Skógurinn fór að litkast 19. maí, grænn yfir að líta var hann 22. og allauggaður 30. s. m..

Skógurinn byrjaði að sölna 5. september og 23. s. m. var hann lauflaus að mestu.

Fræfall ekkert.

Vöxtur skógar var neðan við meðallag, einnig barrplantna, og þá sérstaklega var það áberandi með rauðgreni.

3. Starfsmenn og verkafólk.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda verkafólks eins og það var á hverjum tíma.

Greiðslur fyrir ákvæðisvinnu eru talðar með í upphæð yfir kaupgreiðslur, en ekki vinnustundir unnar í ákvæðisvinnu.

Vinnulaun málara og rafvirkja eru ekki meðtalin, þar sem mér láðist að halda nákvæmlega sundurliðuðu efni og vinnu, en láta mun það nærri að vinnulaun þeirra séu um 49.000.00 krónur.

Ráðinn varfastur starfsmaður frá 1. desember, Vilmundur Andrússon, og býr hann á Vöglum.

Starfsfólki úr Hálshreppi varu greiddar kr. 226.869.27.

Fæðiskostnaður stúlkna varð kr. 29.12, en karla kr. 39.12 á dag.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1961.

Mánuður	L a u s r á ð i ð f ó l k.		
	Fjöldi	Vinnust.	Laun kr.
Jan.-Febr.	7	1.419	36.110.94
Marz	9	622	14.992.36
Apríl	7	848	21.607.14
Mái	34	3.400	72.925.01
Júní	49	4.970	156.463.36
Júlí	42	4.422	102.103.26
Ágúst	22	3.288	74.338.04
September	23	1.678	55.015.96
Október	5	298	7.247.82
Nóv.-Des.	12	1.472	37.083.74
Alls		22.219	577.887.63

II. G i r ð i n g a f r a m k æ m d i r.

1. Viðhald.

Viðhaldskostnaður girðinga varð:

Vaglagirðing.....	kr.	1.411.63
Lunds- og Þórðarstaðagirðing	-	6.385.87
Sigríðarstaðagirðing.....	-	2.223.80
Mela- og Stórhöfðagirðing...	-	3.799.48
Fellsskógargirðing.....	-	385.66
Sandhaugagirðing.....	-	3.330.46
Ýmsar girðingar.....	-	482.80

Samtals kr. 18.019.70

Viðhaldskostnaður varð nú um 7.000.00 kr. minni en árið áður og er það með lang minnsta móti.

Vaglagirðing: Snjóflóð tók girðinguna á tveim stöðum sunnan Vagla, alls um 250 metra. Varð að girða þann part upp að nýju. Af efni var notað 3 vírnet, 15 járnstaurar, 25 birkistaurar 6 feta og 30 millistaurar.

Mela- og Stórhöfðagirðing: Bætt var í girðinguna 70 birkistaurum 5 og 6 feta.

Lunds- og Þórðarstaðagirðing: Girðingin var með lang bezta móti og var nú aðeins bætt í girðinguna 60 birkistaurum 5 og 6 feta, aðallega að norðan, auk nokkurra járnstaura, sem voru geymdir á fjallinu frá árinu áður.

Sandhaugagirðing: Bætt var í girðinguna 30 millistaurum og 50 birkistaurum 6 feta.

Skuggabjargagirðing: Girðingin, eða það sem eftir var af hennar skriðurnar féllu, var nú tekið upp. Var hún orðin hættuleg skepnum og því ekki um annað að gera en að hreinsa hana burt. Varð kostnaður við það verk kr. 1.910.86.

Öðrar girðingar: Til viðhalds annara girðinga var aðeins notað bindivír og lykkjur.

Girðingarefnisbirgðir um áramót: 32 rl. gáddavír, 3 rl. vírnet, 35 járnstaurar, 1 rl. bindivír og 1 rl. sigavír.

## 2. Nýjar girðingar.

Fosselsgirðing: Girt var upp að nýju, gaflinn að norðan 884 m. og girðingin suður heiðina 2155, alls 3039 m. Auk þess var gett við þann hluta girðingarinnar, sem ekki var endurnýjaður, þ. e. a. s. gaflinn að sunnan sem er 692 m. og 287 m. línur sem liggur úr gaflinum norður í fljótið. Ennfremur 692 m. lína úr gaflinum að norðan, suður með skóginum og niður í fljót. Alls er girðingin 4170 metrar að lengd.

Af efni var notað:

Járnstaurar.....	210 stk.
Birkistaurar 6 feta.....	100 -
Birkistaurar 5 feta.....	250 -
Millistaurar 4 feta.....	400 -
Horn- og strekkingastaurar(2" galv.rör.)	20 -
Vírnet.....	31 rl.
Gáddavír.....	45 -
Sigavír.....	100 kg.
Bindivír.....	20 -
Lykkjur.....	6 -
Sement.....	7 sk.

Hilmar Ingimundarson frá Reykjavík var verkstjóri við þessar framkvæmdir og fórst það prýðisvel úr hendi. Auk verkstjórans unnu sex menn við girðinguna frá 17. júlí - 3. ágúst. Var legið við í skála þeim er Skógræktarfélag S.-Þing. hefir reist í Fosselskógi. Ráðskona var þar og annaðist matartilbúning fyrir piltana.

Kostnaður varð:

Vinnulaun.....	kr. 33.251.52
Efni ( keypt á Akureyri ).....	- 3.213.10
Flutningar.....	- 3.022.00
Ferðakostn. og fæði verkstj.....	- <u>1.882.06</u>

Alls kr. 41.368.68

Ferguson-dráttarvél og Dodge Wepone bifreiðs skógræktarinnar voru notuð við flutninga á efni og mannskap. Varla er hægt að áætla akstur dráttarvélarinnar minna en 2.000.00 kr. og bifreiðarinnar minna kr. 3.500.00, eða alls kr. 5.500.00.

III. S k ó g a r h ö g g .

Á árinu var höggvið:

	<u>Eldiv.</u>	<u>Arinnv.</u>	<u>Efniv.</u>	<u>Staurar</u>	<u>Staurar</u>	<u>Millist.</u>	<u>Viðarm.</u>
	kg.	kg.	m3.	stk.6f.	stk.5f.	stk.	Hestb.
Vaglaskógur	38.550	10.600	1.200	1220	875	1.395	618
Fellsskógur				200	500	450	45
	<u>38.550</u>	<u>10.600</u>	<u>1.200</u>	<u>1.440</u>	<u>1.375</u>	<u>1.845</u>	<u>663</u>

Söguð voru 39 tonn viðar, þar af til eigin nota 14 tonn, 10.6 tonn seld sem arinnviður og 14.4 tonn sem reykvíður.

Í Vaglaskógi var grisjað í reitum nr. 509, 515, 516, 316, 317 og 318.

Í Fellsskógi var grisjað í neðri hluta spildunnar sem skógræktin fékk úr Yztafellslandi um 6.2 ha. og er þegar búið að gróðursetja í röska 2 ha. af því stykki.

Viðarbirgðir í árslok eru áætlaðar: í Vaglaskógi 30 tonn eldiviður, 650 staurar 6 feta, 350 staurar 5 feta og 200 millistaurar.

Á Yztafelli eru 1150 staurar af öllum stærðum.

Tekjur af skógarhöggi urðu kr. 24.233.00, viðarafurðir til eigin nota kr. 13.090.00 og viðarsala í Reykjavík, Óppgerð, en áætluð kr. 25.000.00, alls kr. 62.323.00. Gjöldin urðu hinsvegar kr. 66.286.35.

IV. G r æ ð i r e i t u r .

1. Fjárfesting í græðireitnum.

Á árinu var keypt Solo-úðadæla með benzínmótot, hið mesta þarfþing.

Nýrækt. Kumblareitur III var lagfærður til samræmis við skipulag hinna Kumblareitanna. Stækkaði reiturinn um 865 m<sup>2</sup> við breytinguna og er reiturinn nú 2465 m<sup>2</sup>.

Vegagerð o. fl. Mólborinn var vegurinn meðfram Kumblareit I og II og að mestu lokið við að þekja og lagfæra kanta meðfram Kumblareitunum.

## 2. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað í græðireitnum:

500 kg. ammoniumnitrat,  
275 - þrífosfat,  
350 - kalí ( brennisteinssúrt ).

Af húsdýraáburði voru notuð 36 tonn og var áburðurinn tættur niður, þar sem því varð við komið í haust.

## 3. Sáning í græðireitinn.

Sáning hófst 5. júní og var lokið 15. s. m. Birki, rauðgreni, broddfura og blágreni, Sapinero, spíraði ágætlega, bergfura og stafafura semilega. Hvítgreni og blágreni, Lake Louise, var lélegt.

## Fresáning á Vöglum 1961.

Tegund	Uppruni	kg.	m <sup>2</sup> .	Fras.
Birki.....	Hallormsstaður....	4.00	217	B 528
Rauðgreni.....	Vefsen Grane.....	5.00	100	B 328
Rauðgreni.....	R. K. E. D.....	5.00	103	B 329
Rauðgreni.....	Namskog.....	2.00	89	B 531
Blágreni.....	Sapinero.....	0.70	40	B 275
Blágreni.....	Lake Louise.....	0.40	13	B 460
Hvítgreni.....	Seward.....	0.30	11	B 464
Bergfura.....	Pyreneafjöll.....	1.00	42	B 473
Broddfura.....	Hallormsstaður....	0.50	12	B 529
Stafafura.....	C. S. Alb.....	0.36	24	B 489
Stafafura.....	U. L. Creek.....	0.26	18	B 490
Stafafura.....	Bennet.....	0.70	28	B 508
Stafafura.....	Carcross.....	0.13	6	B 509
Stafafura.....	Skagway.....	0.12	10	B 521
		20.47	713	

#### 4. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 19. maí og var lokið 24. júní. Dreifsettar voru 468.652 plöntur, þar af 463.452 í ákvæðisvinnu en 5200 á dagkaupi. Sjö stúlkur unnu að dreifsetningunni og dreifsetti Ragnheiður Heiðreksdóttir þeirra mest 88.440 plöntur.

Afköst stúlnanna voru yfirleitt nokkuð jöfn og aðeins ein þeirra neðan við meðallag.

#### Dreifsetning á Vöglum 1961.

Birki 3	3/o	Bæjarstaður.....	20.950	stk.
Birki	2/o	Troms.....	410	-
Elri	2/o	Kolden.....	190	-
Hvítgreni	2/o	Fairbanks.....	79.825	-
Blágreni	2/o	Sapinero.....	90.800	-
Rauðgreni	2/o	Vefsen Grane.....	29.384	-
Rauðgreni	3/o	V. G. - R. K.....	87.400	-
Svartgreni	2/o	A. 4l.....	2.200	-
Rússalerki	2/o	Sénkúrsk.....	22.600	-
Bergfura	2/o	Ginébra.....	47.800	-
Broddfura	3/o	Sapinero.....	9.561	-
Skógarfura	3/o	Troms hl.....	1.000	-
Skógarfura	2/o	La Matte.....	528	-
Skógarfura	2/o	Troms str.....	500	-
Stafafura	2/o	Skagway.....	67.904	-
Lindifura	2/o	Krasnojarsk.....	2.000	-
Fjallapöll	3/o	Lawing.....	5.600	-

Alls 468.652 stk.

#### Dreifsetningarplöntur afgreiddar til annara gróðrarstöðva.

Birki	3/o	Bæjarstaður.....	15.000	stk.
Birki	2/o	Hallormsstaður.....	3.500	-
Hvítgreni	2/o	Fairbanks.....	12.100	-
Rauðgreni	2/o	Vefsen Grane.....	4.600	-
Sitkabastarður	2/o	Lawing.....	30.000	-
Sitkagreni	2/o	Homer.....	5.000	-
Rússalerki	2/o	Sénkúrsk.....	10.900	-
Evrópulerki	2/o	Lusai Graub.....	13.000	-
Bergfura	2/o	Heutes Alpes.....	1.900	-
Bergfura	2/o	Ginébra.....	6.400	-
Stafafura	2/o	Skagway.....	9.000	-

Alls 111.400 stk.

Allar þessar dreifsetningarplöntur voru afgreiddar til Skógræktarfélags Eyfirðinga.



Segja má að dreifsetningin hafi tekist vel, þó skal það viðurkennt að meira hefði þurft að kasta úr blágreinu, en það er auðvitað höfuð nauðsyn að dreifsetja aðeins góðar plöntur, Yfirleitt stóðst talningin á dreifsetningarplöntunum samsílega, þó kom 25.000 plöntum minna af bergfuru en áætlað, annars munaði yfirleitt 3000- 4000 plöntum til eða frá, ef talningin stóðast ekki nákvæmlega.

#### Plöntur til dreifsetningar á Vöglum 1962.

-----

Birki	3/o	Hallormsstaður.....	8.000	stk.
Birki	3/o	Vaglir.....	8.000	-
Blágreini	2/o	Sapinero.....	27.000	-
Blágreini	3/o	Sapinero.....	23.000	-
Hvítgreini	2/o	Seward.....	115.000	-
Hvítgreini	3/o	Fairbanks.....	25.000	-
Rauðgreini	3/o	Vefsen Grane.....	106.000	-
Sitkabastarður	3/o	Lawing.....	11.000	-
Sitkagreini	3/o	Homer.....	1.300	-
Evrópulerki	3/o	Lusai Graub.....	7.000	-
Bergfura	2/o	Ulstrupgård.....	24.000	-
Bergfura	3/o	Ginébra, Pyr.....	3.000	-
Broddfura	3/o	Sapinero.....	3.500	-
Stafafura	2/o	Skagway.....	223.000	-

Alls 584.800 stk.

Gert er ráð fyrir 584.800 plöntum til dreifsetningar næsta ár. Þess ber að geta að rétt mundi að láta allt að helming af hvítgreinu, Seward, biða til vors 1963, eða síðsumars 1962, eftir því sem henta þykir. Plönturnar eru frekar smáar og ekki þéttar. Evrópulerkið er margtoppa og ljótt og er sjálfsagt að henda miklu af því. Stafafuran er einnig frekar smá og mætti láta allt að þriðjung hennar, sem gisnastur er biða.

Ekki sáust neinar verulegar frostskenmdir á plöntunum í haust og um ármótin voru þær allar á kafi og óskemmdar.

#### 5. Seldar og afhentar plöntur.

Afhentar voru 220.678 plöntur og hafa aldrei verið afhentar svo margar plöntur frá stöðinni. Var það þó um 19.000 plöntum ferra en áætlað.

Það var nú s em fyrr að skógarfuran og birkið gekk ekki út, sátum við með 36.000 furur og um 11.000 birki. Ennfremur 4.000 lerkir, sem ekki komst í verk að gróðursetja í haust.

Aftur á móti kom 22.000 plöntum meira af rauðgreini og 4.000 sitkabastarðar umfram áætlun. Ennfremur voru afhent 5600 brodd- og blágreini, sem ekki voru meðtaldan í áætlun um söluplöntur.

Yfirleitt voru plönturnar rótarhögnar, áður en þær voru afhentar.

Seldar og afhentar plöntur 1961.

Álmur.....	3/4	Noregur.....	77 stk.
Birki.....	3/0	Bajarstaður.....	2.085 -
Birki.....	2/2	Bajarstaður.....	39.300 -
Birki.....	2/3	Vaglir.....	2.100 -
Gulvíðir.....	0/3	Vaglir.....	681 -
Þingvíðir.....	0/3	Hallormsstaður.....	290 -
Blágreni.....	3/7	Sapinero.....	174 -
Broddgreni.....	3/5	Sapinero.....	500 -
Broddgreni.....	3/4	Sapinero.....	2.200 -
Brodd-og blágreni	2/4	Sapinero.....	5.620 -
Hvítgreni.....	3/7	Mac Grath.....	317 -
Hvítgreni.....		ó. þ. próv.....	90 -
Hvítgreni.....	2/4	Lawing.....	200 -
Rauðgreni.....	2/3-3/3	N.- Hægeland.....	77.025 -
Rauðgreni.....	3/4	Rana.....	19.930 -
Rauðgreni.....	2/2/4	Snäsa.....	292 -
Sitkabastarður...	2/4	Lawing.....	34.035 -
Sitkagreni.....	2/7	Seward.....	385 -
Rússalerki.....	2/2	Onega v. 22.....	14.271 -
Rússalerki.....	2/2	Onega v. 36.....	4.345 -
Síberíulerki.....	2/4	Askiz.....	2.700 -
Gráfura.....	2/4	Sapinero.....	2.700 -
Skógarfura.....	3/3	Troms str.....	550 -
Skógarfura.....	3/2	W-50-100.....	8.500 -
Stafafura.....	3/2	Skagway.....	905 -
Stafafura.....	3/3	Sapinero.....	336 -
Fjallapöll.....	3/2/6	MacLeod.....	410 -
Fjallapöll.....	4/6	Tin can creek.....	60 -
Fjallapínur.....	2/4	Sapinero.....	600 -

Alls 220.678 stk.

Gert er ráð fyrir 270.995 plöntum til afhendingar árið 1962. Allar þessar plöntur væri hægt að afhenda næsta vor, nema hvítgreni, Port Hope Simpson, sem rétt væri að gróðursetja síðsumars. Af brodd-og blágreni er áætlað að komi 77,500 plöntur, sem verða að fara út næsta sumar, ennfremur 25.000 fjallapínur, sem er margtoppa. Eru þær toppskemmdir frá því í júní 1959. Athugandi er hvort rétt væri að gróðursetja þessar plöntur mjög þétt og nota þá síðar sem jólatré eða til skreytinga.

Plöntur til sölu og afhendingar árið 1962.

Álmur.....	3/5	Noregur.....	150 stk.
Birki.....	3/0	Hallormsstaður.....8.000	
Birki.....	3/0	Vagfir.....8.000	
Birki.....	2/3	Bæjarstaður.....6.200	
Birki.....	2/2	Bæjarstaður..... <u>27.000</u>	49.200 -
Broddeog blágr..	2/4	Sapinero.....	77.500 -
Hvítgreni.....	2/4	Lawing.....160	
Hvítgreni.....	2/3	Port Hope Simpson... <u>3.600</u>	3.760 -
Rauðgreni.....	2/4	N.-Halgeland.....9.100	
Rauðgreni.....	3/3	N.-Helgeland.....59.000	
Rauðgreni.....	2/3/4	Drevja Vefsen.....2.400	
Rauðgreni.....	2/3	Vefsen Grane..... <u>9.500</u>	80.000 -
Sitkabastarður..	3/4	Lawing.....	7.500 -
Sitkagreni.....	2/4	Cordova.....3.500	
Sitkagreni.....	2/3/4	Seward..... <u>1.300</u>	4.800 -
Bergfura.....	2/2	Pyreneafjöll.....	9.000 -
Lindifura.....	2/4	Tastip-r-Hakask.....500	
Lindifura.....	3/3	3301-56-..... <u>200</u>	700 -
Rússalerki.....	2/3	Onega v. 22.....500	
Rússalerki.....	2/3	Onega v. 36.....3500	
Rússalerki.....	2/4	Yarensk, Ark..... <u>750</u>	4.750 -
Balsampinur.....	2/4	Valcartier 507.....650	
Balsampinur.....	2/4	Salmonier..508.....75	
Balsampinur.....	2/4	Bonna Bay..509..... <u>450</u>	1.175 -
Fjallapinur.....	3/3	Bolcan Lake.....60	
Fjallapinur.....	2/4	Sapinero..... <u>25.000</u>	25.060 -
Siberiupinur....	3/3	Sverdlovsk-Irkutsk.....	3.900 -
Stafafura.....	3/2	Banff.....	<u>3.500</u> -

Alls. 270.995 stk.

6. Ýmislegt varðandi græðireitinn.

Engrar myglu varð vart í sáningunum og enn gat ég ekki séð mun á því sem sprautað var með Dithane Z 78 og því sem ekki var sprautað.

Í haust var ekki neinar verulegar frostskenmdir að sjá á plöntum í reitnum, enda vökvað óspart, þegar vart varð við frost er skemmt gætu. Ekki er vafi á að vökvun er til bóta sé það gert á réttum tíma.

Af White spirit voru notaðar 4 tonn til úðunar gegn illgresi, auk þess talsvert af Símazím. Var mikill munur að sjá þar sem sprautað var með því á s. l. ári og hinu sem ósprautað var látið.

Gerð var tilraun með að nota Símazím á birki og lerki og virtust plönturnar alls ekki láta á sjá þó notaður væri venjulegur skammtur.

Tekin var upp önnur sundurliðun á vinnu og öðrum kostnaði við græðireitinn. Sést nú ekki eins greinilega og áður hvað hver einstakur liður hefur kostað t. d. sáning eða dreifsetning.

Hinsvegar kemur í ljós við athugun á heildar-kostnaði yfir rekstur græðireitsins að tekist hefir að halda áætlununa sem gerð var fyrir árið 1961. Varð reksturskostnaður 12% lægri en áætlað var og munar þar um kr. 47.000.00.

Þess má að lokum geta að kostnaður við hreinsun reyndist kr. 43.756.02, en var áætlaður 60.000.00 kr. Árið 1960 reyndist kostnaðurinn kr. 70.000.00, svo að hér hefir tekist betur að lækka þennan lið, en ég þorði að gera mér vonir um. Er það án ef hinum nýju lyfjum mest að þakka.

íall  
393.000

#### V. Gr ó ð u r s e t n i n g .

-----

Gróðursett var í Vaglaskógi 23. maí - 7. júní, 22. - 24. júní og 5. - 19. september.

Í Þórðarstaða- og Lautaskógi var gróðursett 14. ágúst - 3. september.

Í Fellsskógi var gróðursett 8. - 23. júní og aftur 5. - 20. september.

Alls voru gróðursettar 74.816 plöntur, allt í ákvæðisvinnu. Er það tæplega 10.000 plöntum meira en áætlað. Vegna þess að rauðgrenið reyndist fleira en áætlað, ákvað skógræktarstjóri að gróðursetja skyldi meira en upphaflega var gert ráð fyrir.

Tekið var í notkun nýtt þýzkt áhald við gróðursetninguna. Reyndist það mjög vel, sérstaklega er léttara að vinna með því en hakanum. Féll fólkkinu vel við áhaldið, þegar það var búið fá æfingu í notkun þess.

Til gamans má geta þess að systkiná, þau Birna og Álfur frá Ytra-Fjalli í Aðaldal, gróðursettu tæplega 44.000 plöntur, auk þess sem þau gróðursettu 20.600 plöntur fyrir Skógræktarf. S.-Þing. í Fossselsskógi.

Er það vissulega léttir að geta haft sama fólkáð við gróðursetninguna, auk þess sem þau systkin voru sérlega samviskusöm og leystu verkið vel af hendi.

Borinn var tilbúinn áburður á rauðgreni í reitum nr. 306, 312, 313 og 409, syðri hluta. Aðallega var notaður garðáburður ca. 20 - 25 gr. á plöntu.

Nauðsynlegt væri að g era skipulegar áburðartilraunir hér, þar sem vöxtur barrplantna er svo hægur, sem raun er á orðin.

Kostnaður við gróðursetningu, grísjún, akstur, áburðargjöf og fleira, varð kr. 68.843.05, eða 89 aurar á plöntu. Eru þá bifreiðinni Þ. 864 reiknaðar kr. 6.000.00 fyrir akstur vegna gróðursetningar.

Gróðursett var sem hér segir: 1961

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Hvítgreni		ó. þ. próv.	319	90
"	Rauðgreni	3/3	N.-Helgel.	323 s.hl.	3.000
"	Rauðgreni	2/3	N.-Helgel.	206	4.000
"	Rauðgreni	2/3	N.-Helgel.	104&205	900
"	Rauðgreni	2/3	N.-Helgel.	211	3.000
"	Rauðgreni	2/3	N.-Helgel.	214	3.000
"	Rauðgreni	2/2/4	Snása	319	280
"	Rauðgreni	3/4	Rana	516&517	4.000
"	Rússalerki	2/2	Onega v.22	323	5.000
"	Rússalerki	2/2	Onega v.36	408	1.500
"	Gráfura	2/4	Sapinero	317	500
"	Stafafura	3/3	Sapinero	208	336
"	Fjallapöll	3/2/6	MacLeod	319	410
"	Fjallapöll	4/6	Tin can cr.	311	60
				<u>Alls</u>	<u>26.076</u>
Þórðarst.sk.	Rauðgreni	2/3	N.-Helgel.	4	4.500
Lautaskógur	Rauðgreni	2/3	N.-Helgel.		3.100
Fellsskógur	Broddog blágr.	2/4	Sapinero		2.000
"	Rauðgreni	2/3	N.-Helgel.		13.100
"	Rauðgreni	3/4	Rana		14.790
"	Sitkabast.	2/4	Lawing.		11.250
				<u>Alls</u>	<u>41.140</u>
				<u>Samtals</u>	<u>74.816</u>

Í Vaglaskógi var gróðursett í reiti nr. 206, 211 og 214, en þar var áður búið að gróðursetja skógarfuru. Vegna þess að skógarfuran viðist öll ætla að veslast upp, var nú sett þarna rauðgreni og í nr. 211 og nr. 214 var gróðursett helmingi þéttar en venjulega, með það fyrir augum að fá þarna upp jólatré. Í sama augnamiði var einnig gróðursett í raflinugöng í reitum nr. 104 og 205. Í reit nr. 408 var einnig búið að planta fyru áður, þar var nú byrjað á að gróðursetja lerki.

Í Þórðarstaðaskógi var haldið áfram gróðursetningu sunnan Beit-arhúsatófta, ofan vegar.

Í Lautaskógi var gróðursett sunnan Þorleifsgils, ofan vegar.

Í Fellsskógi var haldið áfram gróðursetningu í efri hluta spildunnar sem skógræktin fékk úr Yztafellslandi. Var haldið norður og gróðursett 14790 rauðgreni, Rana, þá 10050 sitkabastarður og loks 4200 rauðgreni, N.-Helgeland. Byrjað var á neðri spildunni, að sunnan og gróðursett í hana síðsumars 8100 rauðgreni og 2000 brodd- og blágreni.

Í land Jóns Sigurðssonar voru gróðursettir 1000 sitkabastarðir og í landi Marteins Sigurðssonar 200 sitkabastarðir og 800 rauðgreni N.-Helgeland. Er þetta gert samkvæmt samningi um Fellsskóg.

Gróðursetning Skógræktarfélags S.-Þing. í Fossselsskógi.

Gróðursett var sem hér segir:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufj.</u>
Fossselsskógur	Hvítgreni	2/4	Lawing	200
"	Broddgreni	3/4	Sapinero	1.700
"	Brodd og blágr.	2/4	Sapinero	2.900
"	Rauðgreni	2/3	N.-Helgeland	<u>15.800</u>
			<u>Alls</u>	<u>20.600</u>

Mins og áður er getið gróðursettu Álfur og Birna Ketilsdóttir allar plönturnar fyrir skógræktarfélagið og var það unnið í ákvæðisvinnu.

Kostnaður við grisjun, gróðursetningu, plöntukaup og akstur varð kr. 43.182.48. Til gamans var þetta sundurliðað: Plöntukaup kr. 17.231.40, grisjun 9.683.86, plöntun 12.216.32 og akstur 4.050.80.

Skógarvörður hafði umsjón með gróðursetningunni fyrir félagið eins og venjulega.

VI. Byggingar.

1. Viðhald.

Viðhald fasteigna varð meira en áætlað. Viðhaldskostnaður varð kr. 38.241.29 og sundurliðast þannig: Furuvellir kr. 9.691.38, Brúarlundur 8.409.89 og Vaglir 20.140.02.

Í Furuvelli var lagt rafmagn og keypt rafmagnseldavél. Var ég mjög á báðum áttum hvort leggja skyldi rafmagn inn í Furuvelli, en fannst varla annað hægt, þar sem línan var komin að húsveggnum og þægindin ekki of mikil fyrir ráðskonuna samt. Annars er húsið óhæft lengur sem eldhús og matskáli, enda af vanefnum byggt í upphafi. Ekki verður nú lengur komist hjá því að bæta húsakostinn fyrir starfsfólkið.

Í Brúarlundi var komið fyrir rafmagnshitun á 12 herbergjum, 0.5 kw. í hvert. Var almenn ánægja starfsfólksins yfir þessari breytingu og má fullyrða að mikill munur er að búa það við þessa upphitun. Annars er Brúarlundur svo illa byggður að þar er aldrei hægt að búa vel og snyrtilega að starfsfólkinu nema þá með gífurlegum kostnaði.

Á Vöglum var máluð öll neðri hæðin, gert lítið búr í eldhúsi, þar sem áður var borðkrókur, settur nýr gólfdukur á eldhús og málað svefnherbergi á efri hæð.

## 2. Skógarvarðarbústaður.

Unnið var af kappi við skógarvarðarbústaðinn frá 10. janúar til 7. júlí. Unnu oftast 3 - 5 menn við húsið.

Flutt var í húsið 24. júní. Ýmsu var þá ólokið.

Húsið er einangrað með korki í kjallara en hæðin meðvællit plötum. Á þaki er Icopalpappi.

Borðstofa, stofa og skrifstofa eru þiljaðar innan með panil, í loftum er tex, í gólfi er beykiparkett.

Þrjú lítil herbergi að sunnan ( barnaherbergi ) eru klædd innan með gipsonit plötum, panill í loftum, fura í gólfum. Suðausturherbergi er eins, nema beykiparkett er á gólfum.

Norðaustur herbergi, gangur og herbergi milli eldhúss og skrifstofu, eru klædd innan með karlit-plötum, í gólfum er beykiparkett nema fura í norðaustur herbergi.

Eldhús er klætt innan með gipsonit plötum, í lofti eru karlit plötur, á gólfi eru tarkett flísar.

Forstofa er klædd innan með karlit plötum, í lofti er panill, tarkett flísar á gólfi. Bakdyrainngangur er eins, nema að í lofti eru karlit plötur.

Lokið var við að múrhuða kjallarann að innan og er þá eftir að ganga dyrkakörnum og smíða hurðir og hillu í bú. Ennfremur er eftir að einangra frystigeymslu sem gert er ráð fyrir að komi í kjallarann.

Snorri Friðleifsson, trésmíðameistari á Akureyri, sá um alla smíði og eru innréttingar unnar á verkstaði hans.

Hörður Jörundsson, málarameisteri á Akureyri, annaðist málningu innanhúss.

Haraldur Guðmundsson, rafvirkameistari, sá um raflagnir.

Ekki má heldur gleyma því að Þórhallur Guðnason, Þórólfur Guðnason, Hallgrímur Konráðsson og Karl Bragason hafa unnið mikið við húsið, bæði við einangrun, múrhuðun og innréttingu hússins. Eru þeir allir harðduglegir og samviskusamir. Eiga þeir þakkir skilið fyrir sín störf.

Lagður var vegur heim að húsinu og hann mölborinn, þaktir kantar og sléttað í kring um húsið. Eftir er að sá grasfræi í fletina við húsið og bíður það vors.

Kostnaður fór langt fram úr áætlun eins og í fyrra og kemur hér sundurliðun á honum:

Vinnulaun.....	kr. 182.180.64
Efni.....	- 112.195.57
Innréttingar, efni, vinna-	52.579.02
Málning, efni, vinna....	- 44.213.88
Flutningar, akstur,.....	- 7.835.31
Fæðiskostn.-Ljós, hiti..	- <u>27.122.44</u>

Samt. kr. 416.306.86

## VII. V e g a g e r ð.

-----

Unnið var að viðhaldi vega og vegagerð fyrir tæplega kr. 44.000.00.

Ruddur var 1240 metra vegur í Fellsskógi, þeim hluta sem Skógrækt ríkisins fékk úr Yztafellislandi, sunnan Svangaselsrjóðurs, suður og niður skóginn, niður undir fljótið. Eru það um 740 metrar, auk þess vegarspotti norður fljótsbakkann um 500 metrar.

Ekið var nokkrum bílhösum af ofaniburði í veginn ofan Svangaselsrjóðurs, en meira þarf ef vel á að vera.

Kostnaður við þessar framkvæmdir urðu kr. 16.046.28.

Í Vaglaskógi var unnið að viðhaldi og ofaniburði fyrir kr. 27.753.08. Var borið í verstu partana ~~fr~~ á veginum frá brúnni og suður að hliðinu hjá Mörk, einnig í veginn heim að skógarvarðarbústaðnum.

Úr Fjallvegasjóði voru veittar kr. 5.000.00 og Hálshreppur lagði fram kr. 1.200.00 til vega í Vaglaskógi.

## VIII. F e r ð i r o g l e i ð b e i n i n g a r.

-----

Eins og venjulega fór ég margar ferðir vegna grisjunar, gróðursetningar og girðingaframkvæmda í Fossels-, Fells-, Þórðarstaða- og Sandhaugaskóga.

Ég sat fund hjá Skógræktarfélagi Grýtubakkahrepps og sýndi þar myndir, ennfremur aðalfund Skógræktarfélags S.-þing. að Laugum.

Auk þess sem ég undirbjó komu Normanna hingað í sýsluna ferðaðist ég nokkuð um með þeim, til Húsavíkur, að Ytra-Fjalli, Laugum og Sellandi.

Aðalfund Skógræktarfélags Íslands sat ég að Hallormsstað í ágúst.

Austur að Ásbyrgi fór ég í byrjun september og ræddi við eftirlitsmanninn þar.

Auk þessa, svo sem venja er, margar ferðir til Akureyrar og Húsavíkur vegna viðskipta o. fl.

## IX. Ý m i s l e g t.

-----

Ferðafólk var með færra móti, enda var sumarið óvenju úrkomusamt.

Skógurinn var samt hreinsaður reglulega eins og undanfarin sumur. Til gamans tók ég saman hvað hreinsun skógarins kostaði og reyndust það vera tæpar 5.000.00 kr. Eftir verzlunarmanna-helgina þurfti mikið að hreinsa, þó fólk væri samt með færra



móti í skóginum, vegna veðurs. Þess má geta að aka þurfti burt tveim stórum vagnhlössum af rusli, auk þess var talsvert sett í gryfjur, sem grafnar höfðu verið víða hjá tjaldstöðum.

Haldnir voru dansleikir í Brúarlundi um þrjár helgar og voru það U. M. F. Bjarni og Skógræktarfélaög Eyfirðinga og Þingeyinga. Greiddu félögin kr. 14.900.00 í húslöigu.

Samkoma skógræktarfélaganna, sem haldin var hér í skóginum um verzlunarmannahelgina, var mikið rædd í blöðum og deilt harkalega á félögin fyrir að standa fyrir samkomunni. Það er auðvitað rétt að slæmt er að félögin skuli þurfa að afla sér tekna á þennan hátt, en hitt er ómaklegt eins og blaðið Dagur á Akureyri ~~er~~ ráðast á skógræktarstarfseminu í landinu, félög-in og forstöðumenn þeirra og kenndi þeim beinlínis um ósömann.

Líklega hefði Dagur þagað, ef framsóknarfélagin hefðu fengið leyfi til samkomuhalds, eins og óskað var eftir.

Í starfsskýrslu síðasta árs gæymdist að geta þessa merka atburðar að rafmagn var leitt hingað frá Laxárvirkjun, þann 23. september 1960. Var strax tekið inn í Vaglið, Brúarlund og skógarvarðarbústaðinn. Hefði sízt átt að gleyma að geta þess.

Í Fellsskógi var reistur skáli sem rúmað getur 8 menn í koj-ur, auk þess er þar lítið herbergi fyrir ráðskonu. Var skáli þessi smíðaður á verkstaði Skógræktarfélags Reykjavíkur í Foss-vogi. Eftir er að einangra skálann og koma fyrir viðarofni o. fl.

Skógrækt ríkisins festi kaup á Dodge Wepone bifreið. Var hún staðsett hér og notuð til plöntuflutninga, við gróðursetninguna í Fellsskógi og við girðinguna um Fósselsskóg, auk margs fleira. Auk þess var bifreiðin leigð Skógræktarfélagi S.-Þing. meðan gróðursetning stóð yfir í Fósselsskógi.

Dálítið var borið af áburði á Hálsmei, en betur þyrfti að vinna að því að græða upp melana. Alaskalúpínan er að vísu far-in að sá sér þar út, en fer mjög hægt.

Ég vil aðeins geta þeirra góðu eilendu gesta sem við fengum hingað, en það voru þeir Erling Messelt og Chr. Kohmann í fylgd með Snorra Sigurðssyni. Ennfremur þeir Scott og Robinson, frá Alaska, í fylgd með þeim Hákonni Guðmundssyni, Einari Sæmundsen og Hauki Ragnarssyni. Ánægjulegt var að fá alla þessa menn í heimsókn.

Liðirnir skógarvarðarbústaður og viðhald fasteigna fóru fram úr áætlun, sá fyrrnefndi fyrst og fremst. Aðrir liðir fjárhags-áætlunarinnar stóðust nokkurn veginn og græðireitur og gróður-setning voru talsvert neðan við það sem áætlað var, þótt framkvæmdir væru meiri en til stóð.

Vöglum 16. janúar 1962.

*Jóhann Guðmundsson.*